

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

5. fundur stjórnar starfstímabilið 2013-2015

Haldinn 29. nóvember 2013 á skrifstofu íþróttafulltrúa Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Mættir: Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marinósson formaður, Magnús Gunnarsson (Haukar), Stefán Kristófersson (Fjörður), Atli Már Sigurðsson (DÍH), Ingvar Kristinsson (Björk), Viðar Halldórsson (FH), Anders Már Þráinsson (SÍH), Þórarinn Sófusson (GSE), Erla Björg Hafsteinsdóttir (BH), Ragnar Hilmarsson (Þytur), Þórunn Ansnes (Sörli), Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir) og Gunnar Bjarnason (AÍH). Forföll: Arnar Geirsson (Bjartur), Anton Ingi Sigurðsson (ÍH), Kristín Pétursdóttir (SH), Ingibjörg Gunnarsdóttir (HFH), Sigurjón Andersen (KK), Halldóra Einarsdóttir (Sörli) og Hafsteinn Eyland Brynjarsson (AÍH).

1. Ferðasjóður íþróttafélaga hjá ÍSÍ

Aðildarfélögin minnt á að kynna sér upplýsingar um ferðasjóðinn og umsóknargátt á heimasíðu ÍSÍ og sækja um ef þau eiga rétt á því. Umsóknargáttin opnar í byrjun desember og lokar í byrjun janúar á komandi ári, nánari upplýsingar eru á heimasíðu ÍSÍ.

2. Fundur íþróttahéraða haldinn hjá ÍSÍ 29. nóv. 2013

Framkvæmdastjóri ÍBH sótti fundinn. Á fundinum kynnti samstarfsnefnd íþróttahéraða vinnu sína og setti fundarmenn í stefnumótunavinnu. Á fundinum kom fram að helsti veikleiki íþróttahéraðanna eru of fáir starfsmenn og mikill fjárskortur við rekstur þeirra.

3. Fjármálaráðstefna ÍSÍ 29. nóv. 2013

Framkvæmdastjóri ÍBH sótti ráðstefnuna og Kristín Pétursdóttir formaður Sundfélags Hafnarfjarðar var með erindi á ráðstefnunni um ýmsa þætti í rekstri síns félags og ytra umhverfi félagsins ásamt fulltrúum fjöggra annarra íþróttafélaga á landsvísu. Magnús Gunnarsson framkvæmdastjóri Hauka sótti einnig ráðstefnuna og tók til máls í lok fundarins. Fulltrúa frá ríkisskattstjóra vantaði á fundinn og var hluti fundarmanna óánægður með það, því þeir höfðu undirbúið spurningar til hans. ÍSÍ og skattayfirvöld hafa verið með vinnunefnd í gangi sem hefur ekki lokið störfum. Fulltrúar íþróttafélaga greindu m.a. frá óraunhæfum rekstrar- og þjónustusamningum félaganna við sveitarfélögin sem félögin neituðu að undirrita fyrir en eftir breytingar. Rekstur félaganna er búinn að vera mjög erfiður, þjálfunar- og ferðakostnaður eru hæðstu útgjaldaliðirnir hjá þeim.

4. Formannafundur ÍSÍ 29. nóv. 2013

Kristín Pétursdóttir varaformaður ÍBH sótti fundinn fyrir ÍBH og greinir frá dagskrá fundarins í janúar 2014.

5. Staðan á endurskoðun sammings milli ÍBH, Rio Tinto Alcan og Hafnarfjarðarbæjar

Endurskoðunin hefur staðið yfir frá því í haust. Fyrirtækið Rio Tinto Alcan kemur til með að greiða 9 milljónir í sjóðinn á ári og halda öðrum styrktarþáttum til ársloka 2016. Hafnarfjarðarbær kemur til með að hækka framlag sitt úr 6 milljónum á ári í 9 milljónir á ári. Frá og með 2014 verða félögin að skila iðkendaumsóknum sínum inn á þann hátt að fjöldi af hvoru kyni er gefinn upp. Á árinu 2015 taka kynjahvatar gildi. Ein milljón króna er tekin til hliðar af heildarfjárframlaginu og skal renna til þeirra félaga sem ná bestum árangri í að jafna þátttökuhlutfall kynjanna á milli ára. Skal hálf milljón króna renna til þess félags þar sem hlutfall þess kyns, sem hallaði á, hefur aukist um flest prósentustig á milli ára, þó þannig að fjölgunin nemi að minnsta kosti fimm iðkendum. Hálf milljón króna skal renna til þess félags sem bætt hefur við flestum iðkendum af því kyni sem hallaði á.

6. ÍBH, Rio Tinto Alcan og Hafnarfjarðarbær, styrktarsjóður fyrir 16 ára og yngri umsóknir og úthlutun

Skrifstofa ÍBH er að vinna úr upplýsingum frá aðildarfélögum sínum sem þau skiluðu 26. nóvember sl. Seinni úthlutun íþróttastyrkja fyrir 16 ára og yngri tekur mið af þjálfaramenntun og námskrám íþróttafélaga og deilda, úthlutunarupphæð er kr. 6.000.000. Afhending styrkjanna fer fram 30. desember nk og eru íþróttafélögin minnt á að senda fulltrúa fyrir hönd félagsins til að veita styrkjunum viðtöku.

7. Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar 2013

Félög og deildir sem hafa tilnefnt einstaklinga eða hópa til viðurkenninga eru vinsamlega minnt á að láta viðkomandi mæta í félagsgalla á hátíðina og veita viðurkenningum viðtöku. Hátíðin fer fram 30. desember og verður auglýst nánar síðar. Skrifstofa ÍBH sendir út dagskrá í hvaða röð viðurkenningarnar verða veittar.

8. Afreksmannasjóður ÍBH óskað eftir umsóknum um afreksstyrki fyrir árið 2013

Bréf hefur verið sent aðildarfélögunum og er skilafrestur á umsóknum 10. desember nk. Styrkhæf verkefni eru Evrópumót, heimsmeistaramót og Evrópukeppni félagsliða í efsta aldursflokki. Stjórn Afreksmannasjóðs ÍBH fundar um umsóknir í desember og verður styrkjum úthlutað við athöfn í janúar 2014.

9. Vinnuhópur ÍBH um endurskoðun styrktarsamninga við ÍBH og aðildarfélög þess

ÍBH skipar þrjá fulltrúa þeir eru Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH, Magnús Gunnarsson framkvæmdastjóri Hauka og Viðar Halldórsson formaður FH. Hafnarfjarðarbær skipar þrjá fulltrúa, einn frá samfylkingunni, einn frá vinstri grænum og einn frá sjálfstæðisflokki. Íþróttafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar Ingvar S. Jónsson og framkvæmdastjóri ÍBH Elísabet Ólafsdóttir vinna með vinnuhópnum. Fjölskylduráð Hafnarfjarðar þarf að samþykkja erindisbréf vinnuhópsins og eftir það getur vinnan hafist.

10. ÍSÍ bikar

Umsóknir aðildarfélaga kynntar og greidd atkvæði um þær. Bikarinn afhentur á Íþrótt- og viðurkenningarhátíðinni 30. desember nk.

11. Gögn sem ÍBH hefur borist:

- a). Bréf frá ÍSÍ um fyrirlestur um eineltismál 12. nóv 2013.
- b). Bréf frá ÍSÍ um Afreksvennasjóð Íslandsbanka og ÍSÍ. Auglýst eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum.
- c). Bréf frá Íþróttakademíu Keilis um fyrirlestur um álag í styrktarþjálfun.

12. Önnur mál

Engin.

Fleira ekki gert.

Fundur hófst kl. 19.00 og var slitið kl. 19.55.

Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir.